

**Ed.**

**296. Frumvarp til laga**

[150. mál]

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967 um fávitastofnanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

**1. gr.**

15. gr. hljóði svo:

Ríkið skal starfrækja skóla, Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hlutverk skólans er að mennta fólk til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.

Skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

Um stjórn skólans, starfslið, námstíma, námsefni, inntökuskilyrði og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í núgildandi 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967 um fávitastofnanir er kveðið svo á, að við aðalfávitahæli ríkisins skuli rekinn skóli til að sérmennta fólk til fávitagæslu.

Samkvæmt þessu hefur Þroskaþjálfaskóli Íslands verið starfræktur s.l. fimm ár. Skólinn hefur starfað samkvæmt reglugerð nr. 208/1971, sem sett var með stoð í fyrrnefndri 15. gr.

Nauðsynlegt var talið að skólinn væri starfræktur við aðalfávitahæli ríkisins, vegna þess að þar væri eini staðurinn sem gæfi nemendum kost á að umgangast stóran hóp vangefinna einstaklinga á ýmsum stigum og gæti veitt nemum þannig æskilega þjálfun. Þessi rök fyrir lögboðnum tengslum skólans og aðalfávitahælisins eiga ekki lengur við m. a. vegna þess að fávitastofnunum hefur fjölgað og verkskipting þeirra vaxið síðan lög nr. 53/1967 voru sett. Því er það talið óæskilegt í dag að binda starfsemi skólans algjörlega við eina ákveðna stofnun, mun það líka einsdæmi þegar um er að ræða opinberan skóla.

Í 15. gr. núgildandi laga eru ennfremur ákvæði þess efnis, að forstöðumaður aðalfávitahælis ríkisins skuli vera skólastjóri skólans en vera um leið undanþeginn kennsluskyldu. Ekki kveða löggin neitt á um menntun hans sem skólastjóra. Slík skipan mála hlýtur að teljast óraunhæf í dag. Verkefni aðalfávitahælis ríkisins hafa aukist mjög undanfarin ár og hlýtur forstaða hælisins að vera ærið aðalstarf og óeðlilegt að bæta við það tímafreku starfi skólastjóra við örtvaxandi skóla. Þá er skólastarfið einnig orðið það umfangsmikið, að eðlilegt og sjálfsagt er að skólastjóri við slíkan skóla gegni ekki öðru aðalstarfi.

Loks er nú talið nauðsynlegt að sérstök ákvæði séu sett um menntun skólastjóra og er þá m. a. höfð í huga sérstaða Þroskaþjálfaskóla Íslands og að skólastjórn slíks skóla krefst undirbúnings í námi og reynslu, sem að ýmsu leyti er annars eðlis en algengast er. Má í þessu tilfelli m. a. benda á að í lögum um Fóstur-skóla Íslands frá 26. mars 1973 eru ákvæði um skólastjóra og menntun hans.